



LISTASAFN REYKJANESBÆJAR



Guðjón Ketilsson, myndlistarmaður ársins fyrir sýningu sína Teikn í Listasafni Reykjanesbæjar

Ársskýrsla

2019

22. maí 2020

EFNISYFIRLIT

1.	FORSAGA OG HLUTVERK.....	6
2.	SAFNKOSTUR.....	6
2.1	SÖFNUNARSTEFNA	7
2.2	SAFNAUKI og rannsóknir 2019.....	7
3.	SÝNINGAHALD.....	10
3.1	Sýningarstefna (samþykkt 2. nóv 2010).....	10
3.2	SÝNINGAR ÁRSINS	11
3.2.1	Sýningar í Listasal	12
3.3	BÍÓSALUR DUUSHÚSA	16
3.3.1	Ljós og tími. Ljósmyndir úr safneign	16
3.3.2	Listahátíð barna. Ljósmyndir af undirbúningi.....	16
3.3.3	Málverk, skissur og steindir gluggar eftir Benedikt Gunnarsson	16
3.3.4	Óvænt stefnumót	16
3.3.5	För	17
3.4	GRYFJAN	17
3.4.1	Listahátíð barna	17
3.5	Stofan	18
3.5.1	Litróf.....	18
3.5.2	LISTAHÁTÍÐ BARNNA: FS.....	18
3.5.3	Ást á íslenskri náttúru	19
3.5.4	Fimmföld sýn	19
3.5.5	Reynir Katrínar galdrameistari og skapandi listamaður.....	19
3.5.6	Persónulegar sögur	19
3.6	Anddyri.....	19
4.	ÚTGÁFA, MIÐLUN OG RANNSÓKNIR	20
4.1	SAMfélagsMIÐLAR.....	20
4.1.1	VEFUR: REYKJANESBAER.IS/LISTASAFN	20
4.1.2	FACEBOOK.....	20
4.1.3	INSTAGRAM	20
4.2	PRENTUN	20
4.3	LEIÐSAGNIR	21
4.4	SÖFNUN HEIMILDA	21
4.5	SAFNKENNSLA	22
5.	ÖNNUR VERKEFNI	22
5.1	LISTASKÓLINN	22
5.2	LISTAHÁTÍÐ BARNNA	23
6.	HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI	24
6.1	HÚSNÆÐI OG OPNUNARTÍMI	24
6.2	GESTAFJÖLDI	25
7.	REKSTUR	25
8.	LOKAORÐ.....	25

Samantekt

- Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum.
- Safnaukinn 2019 samanstóð af 90 verkum og er safneignin nú orðin 1166 verk.
- 20 sýningar settar upp á vegum safnsins á árinu. 5 í Listasal, 5 í Blósálf, 1 í Gryfjunni, 6 í Stofunni, 2 í Bátasal og 1 á Keflavíkurtúni.
- Listasafnið heldur úti vefsíðu reykjanesbaer.is/listasafn, fésbókarsíðu og instagramreikningi.
- Útgefna voru fimm sýningarskrár.
- Safnkostur telst fullskráður. Öll verk hafa verið yfirfærð í Sarp sameiginlegan gagnagrunn fyrir listasöfnin í landinu.
- 1900 nemendur heimsóttu safnið.
- Listasafnið rak Listaskólann og hélt 2 sumarnámskeið fyrir 7-13 ára börn.
- Listasafnið stýrði verkefnum Listahátíð barna og Listaskóli barna.
- Fjórir fastráðnir starfsmenn eru við safnið í 3.20 stöðugildum, tveir lausráðnir í hlutastörfum og sex sem tóku að sér tímabundin verkefni.
- Gestum fækkaði á milli ára. Heildargestafjöldi var 25.268 sbr. 31.845 frá árinu áður.

1. FORSAGA OG HLUTVERK

Listasafn Reykjaneshæjar varð 16 ára árið 2019. Safnið hóf formlega starfsemi í apríl 2003 þegar opnaður var góður sýningarsalur í Duus Safnahúsum sérstaklega ætlaður Listasafninu. Þá var líka unnin stofnskrá, starfsfólk ráðið og safnið fékk sjálfstæðan fjárhag. Listasafn Reykjaneshæjar var þar með orðin sjálfstæð stofnun í bæjarfélaginu og eitt af þremur söfnum bæjarins. Listasafn Reykjaneshæjar hafði þó verið til sem hugmynd, allt frá sameiningu sveitarfélaganna Njarðvíkur, Hafnahrepps og Keflavíkur árið 1994. Á þeim tíma var þó varla hægt að tala um eiginlegt listasafn heldur aðeins utanumhald á listaverkaeign bæjarins.

Listasafn Reykjaneshæjar er ennþá eina listasafnið á Suðurnesjum og skipar því stórt hlutverk í menningarlífi svæðisins. Megin hlutverk Listasafnsins er að varðveita listaverk Reykjaneshæjar, safna nýjum verkum samkvæmt söfnunarstefnu, skrá verkin og rannsaka sögu þeirra og myndlistar á svæðinu og miðla þeirri þekkingu til heimamanna og annarra eftir bestu getu og ekki síst að standa fyrir öflugum sýningarstarfi. Ný stofnskrá var samþykkt í menningarráði Reykjaneshæjar 14. september 2010 og var svo endurskoðuð í nóvember 2013. Listasafn Reykjaneshæjar sótti um formlega gildingu til menntamálaráðneytisins í nóvember 2013 samkvæmt nýjum safnalögum og hlaut gildingu í febrúar 2014. Listasafn Reykjaneshæjar vinnur því samkvæmt safnalögum og sinnir þeim verkefnum sem slíkri stofnun er ætlað.

2. SAFNKOSTUR

Safnið á verk úr öllum helstu flokkum myndlistar, bæði inni- og útiverk og er safneignin mjög fjölbreytt. Virk og markviss söfnun, þ.e. söfnun eftir söfnunarstefnu hefur verið viðhöfð frá og með árinu 2004 og ávallt verið tekið mið af því fjármagni sem hverju sinni er úthlutað til listaverkakaupa. Árið 2014 var skráning safnkostsins flutt yfir í Sarp, sameiginlegan gagnagrunn allra safnanna í landinu. Á árinu 2015 og fram á 2016 einbeittum við okkur að ítarskráningu og var starfsmaður með fagþekkingu verkefnaráðinn til þess að yfirfara skráningu allra verkanna ekki síst með tilliti til listfræðilegs þáttar þeirra. Þessu verkefni var framhaldið 2017 en síðan hefur starfsmaður séð um almenna skráningu. Árið 2015 voru verk einnig flutt úr geymslu á Tjarnargötu 12 yfir í framtíðar safngeymslur listasafnsins í Ramma og eru nú öll verk þar, sem ekki eru uppsett í hinum ýmsu stofnunum. Sömuleiðis hafa staðsetningar verka verið skilgreindar og færðar inn í Sarp. Árið 2017 fór að stórum hluta í að bregðast við matsskýrslu Safnaráðs

um aðbúnað í safngeymslum safnsins. Inga Þórey Jóhannsdóttir myndlistarmaður var verkefnaráðin til þess. Meðal helstu verkefna sem voru unnin voru að neðstu hillur í safngeymslu voru allar hækkaðar upp til að verjast lekatjóni, sett var sýrufrítt undirlag í allar hillur í safngeymslum svo vel fari um verkin og þau skemmist ekki þegar þau eru færð til. Allar plastumbúðir voru fjarlægðar utan af málverkum og endurraðað í allar hillur, sýrufrí spjöld sett á milli verka þar sem þörf var á, viðkvæmum verkum og skúlptúrum pakkað inn í silkipappír eða óbleikt léreft og fleira í þeim dúr þannig að öryggi verkanna sé sem best tryggt.

2.1 SÖFNUNARSTEFNA

Söfnunarstefnan sem unnið er eftir var endurskoðuð og samþykkt í nóvember 2010. Samkvæmt henni er m.a. lögð sérstök áhersla á að eignast verk eftir listamenn af Suðurnesjum.

Söfnunarstefna Listasafns Reykjanesbæjar:

1. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af verkum eftir listamenn Suðurnesja frá öllum tímum.
2. Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af samtímalist á landinu öllu.
3. Safnið skal hvetja unga listamenn af Suðurnesjum til dáða með kaupum á verkum þeirra eins og hægt er miðað við fjárframlög hverju sinni.
4. Stefnt skal sérstaklega að söfnun verka eftir börn og unglínga úr Reykjanesbæ og ætlunin að koma upp góðu yfirliti yfir listiðkun þeirra.
5. Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.
6. Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins miðað við fjárframlög hverju sinni.
7. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

2.2 SAFNAUKI OG RANNSÓKNIR 2019

Töluverður fjöldi verka bættist við safneignina á árinu eða samtals 90 verk og taldist heildarfjöldi skráðra verka um áramótin 1166. Munar þar mestu um þau verk sem flutt voru til landsins í tilefni Ljósanætorsýningarinnar, Veruleikinn og vindingar hans – Pólsk úrvalsgrafík. Stór hluti þeirra eignaðist íslensk heimili að aflokinni sýningu en safnið festi kaup á þeim sem eftir urðu, samtals 40 verk. Þá barst safninu einnig vegleg gjöf, samtals 17 verk, frá Valgerði Benediktsdóttur, dóttur listmálarans Benedikts Gunnarssonar sem

hannaði steinda glugga sem prýddu Keflavíkirkirkju um langt árabíl og eru nú varðveittir í safngeymslum safnanna í Ramma, safnamiðstöð. Safnið keypti einnig nokkur verk í kjölfar sýninga sem haldnar voru m.a. af Erlu Haraldsdóttur, Guðjóni Ketilssyni og Reyni Katrínar. Einnig voru nokkur smærri verk keypt af listafólki á Ljósanótt. Þá er alltaf nokkuð um að safninu berist listaverkagjafir frá fólki sem t.a.m. er að minnka við sig húsnaði og vill koma verkum í öruggt skjól, ekki síst verkum eftir heimamenn sem sinnt hafa listsköpun. Í ár bárust m.a. verk frá Sigrúnu Ólafsdóttur og Valgerði Guðmundsdóttur m.a. eftir Helga S., Ástu Pálsdóttur og Sigríði Rósinkars.

Þótt safnkosturinn teljist nú fullskráður heldur vinna við hann áfram. Til að mynda er það framtíðarverkefni að fá vandaðar ljósmyndir af öllum verkum. Verkin eru flest mynduð en eingöngu er um „vinnmyndir“ að ræða. Þá þarf einnig að vinna upp úr grunninum samninga við allar þær stofnanir sem hýsa verk úr safneigninni þannig að viðkomandi stofnun hafi yfirlit þau verk sem hún hefur að láni og verði um leið meðvitaðri um ábyrgð sína varðandi þau. Einnig á enn eftir að taka afstöðu til undirflokka svo sem hvort verk barna skuli skráð í sérstakan undirflokk og sama má segja um ýmsar gjafir sem berast bænum m.a. frá vinabæjum. Verk sem berast safninu eru nú skráð jafnt og þétt inn í grunninn en nauðsynlegt mun reynast að fá aðila með listfræðilega þekkingu reglulega t.d. á tveggja ára fresti, til að yfirfara nýjar skráningar með tilliti til listfræðilegrar umfjöllunar um þau.

Árið 2016 var að beiðni Safnaráðs unnin ítarleg úttekt á húsakosti safnsins bæði geymslum og sýningarrými, varðveislu verka og öryggismálum, skráningu verka, aðgengi að safnkosti og sýningum. Skýrsla með niðurstöðum var skilað til Safnaráðs í lok september 2016 en hún var þáttur í eftirliti þess með viðurkenndum söfnum. Matsskýrsla frá Safnaráði með tillögum um úrbætur bárust safninu í febrúar 2017. Inga Þórey Jóhannsdóttir var verkefnaráðin til að fara í gegnum skýrsluna og gera þær breytingar og lagfæringar sem kallað var eftir og hefur því vinnulagi sem komið var á þá verið viðhaldið.

Safnauki 2019:

Fjöldi	LRN	Listamaður	Aldur	Grein	Verkheiti
1	1082	Oddgeir Erlendur Karlsson	2005	Ljósmyndun - Litljósmyndir.	Seltún Reykjanesi
2	1083	Oddgeir Erlendur Karlsson	2007	Ljósmyndun - Litljósmyndir.	Geysir Haukadal
3	1084	Helgi Hjaltalín Eyjólfsson	2017	Grafík - Tréristur.	Svört
4	1085	Helgi Hjaltalín Eyjólfsson	2017	Grafík - Tréristur.	Blá
5	1086	Helgi Hjaltalín Eyjólfsson	2017	Grafík - Tréristur.	Græn
6	1087	Helgi Hjaltalín Eyjólfsson	2017	Grafík - Tréristur.	Blá
7	1088	Helgi Sigurgeir Jónsson		Teiknun.	
8	1089	Helgi Sigurgeir Jónsson	1964	Málaralist - Blönduð tækni.	Stapafell
9	1090	Sigríður Rósinkarsdóttir	2002	Málaralist - Vatnslitamyndir.	Rauði þráðurinn
10	1091	Ásta Eygló Pálsdóttir	2000	Málaralist - Vatnslitamyndir.	Haut á Þingvöllum 2000
11	1092	Ásta Eygló Pálsdóttir		Málaralist - Vatnslitamyndir.	Duushús og Gamla búð
12	1093	Ásta Eygló Pálsdóttir		Málaralist - Vatnslitamyndir.	Keflavíkurkirkja
13	1094	Dröfn Sigurvinsdóttir	2002	Málaralist - Málverk.	
14	1095	Ásta Eygló Pálsdóttir	2000	Málaralist - Vatnslitamyndir.	Vetur á Suðurnesjum
15	1096	Helgi Sigurgeir Jónsson		Teiknun - Kρίtarsteinkningar.	
16	1097	Helgi Sigurgeir Jónsson		Teiknun - Kρίtarsteinkningar.	
17	1098	Guðjón Ketilsson	2019	Prentverk.	Passíusálmarnir - Teikningar
18	1099	Erla Sýlvía H Haraldsdóttir	2015	Málaralist - Málverk.	Kæri ameríski afi minn / My dear American grandfather
19	1100	Erla Sýlvía H Haraldsdóttir	2019	Grafík - Steinþrykk.	Til Sýlviu
20	1101	Benedikt Gunnarsson		Málaralist - Málverk.	Hveradalir
21	1102	Benedikt Gunnarsson	2015	Málaralist - Málverk.	Við höfnina / By the harbour 2015
22	1103	Benedikt Gunnarsson	1970	Málaralist - Málverk.	Stríðslok / End of war
23	1104	Benedikt Gunnarsson	1977	Málaralist - Málverk.	Jörðin logar / The earth glows
24	1105	Benedikt Gunnarsson	2015	Málaralist - Málverk.	Sumarkvöld við höfnina / Summerevening by the harbour
25	1106	Benedikt Gunnarsson	1959	Málaralist - Málverk.	Í seiðhjallinum
26	1107	Benedikt Gunnarsson	1959	Málaralist - Málverk.	Víkingar / Vikings
27	1108	Benedikt Gunnarsson	1970	Málaralist - Málverk.	Á skurdstofunni
28	1109	Benedikt Gunnarsson	1975	Skissa. Málaralist - Gvassmyndir.	Keflavíkurkirkja 1975
29	1110	Benedikt Gunnarsson	1975	Skissa. Málaralist - Gvassmyndir.	Keflavíkurkirkja 1975
30	1111	Benedikt Gunnarsson	1975	Skissa. Málaralist - Gvassmyndir.	Keflavíkurkirkja 1975
31	1112	Benedikt Gunnarsson	1975	Skissa. Málaralist - Gvassmyndir.	Keflavíkurkirkja 1975
32	1113	Gunnhildur Þórðardóttir	2014	Málaralist - Akrylmálverk.	Pönkfruma / Punk cell
33	1114	Halldóra Hafsteinsdóttir	2019	Hönnun - Listiðnaður - Leirlist.	
34	1115	Arnbjörg Drífa Káradóttir	2019	Hönnun - Listiðnaður - Leirlist.	
35	1116	Ólög Sæmundsdóttir	2019	Hönnun - Listiðnaður - Leirlist.	
36	1117	Auður Gunnur Gunnarsdóttir	2019	Hönnun - Listiðnaður - Leirlist.	
37	1118	Kristinn Morthens		Málaralist - Málverk.	
38	1119	Guðmundur Mariásson	2005	Málaralist - Málverk.	Leikur við báru
39	1120	Anne Vassjo	2019	Nýir miðlar - Gjörningur. Nýir miðlar - Innsetningar.	Heilun 1 / Heal 1
40	1120	Anne Vassjo	2019	Nýir miðlar - Gjörningur.	Heilun 2 / Heal 2
41	1121	Benedikt Gunnarsson	1977	Skissa. Málaralist - Gvassmyndir.	Mynd ætluð til vinargjafar
42	1122	Benedikt Gunnarsson	1975	Skissa. Málaralist - Gvassmyndir.	Keflavíkurkirkja 1975
43	1123	Benedikt Gunnarsson	1975	Skissa. Málaralist - Gvassmyndir.	Keflavíkurkirkja 1975
44	1124	Benedikt Gunnarsson	1975	Skissa. Málaralist - Gvassmyndir.	Keflavíkurkirkja 1975
45	1125	Benedikt Gunnarsson	1975	Skissa. Málaralist - Gvassmyndir.	Keflavíkurkirkja 1975
46	1126	Kristín Rúnarsdóttir	2017	Málaralist - Gvassmyndir.	Án titils - Untitled
47	1127	Reynir Katrínarson	2019	Textillist - Útsaumsverk. Textillist - Myndvefnaður.	Ást Englanna / AN-ERKO-AM-SU-RA-KA-DUM
48	1128	Reynir Katrínarson	2019	Textillist - Útsaumsverk. Textillist - Myndvefnaður.	Auga Óðins
49	1129	Reynir Katrínarson	2019	Textillist - Útsaumsverk. Textillist - Myndvefnaður.	Svíf yfir sem fugl / UY-UM-IMMU-YMÝ
50	1130	Jacek Sroka	2014	Grafík - Ætingar.	Djöflamessan / Czarna msza / Black mass
51	1131	Jacek Bozek	2017	Grafík - Ætingar. Grafík - Þurrnámalyndir.	Hið mikla undur / Wielka mistyfikacja / The great mystification 2017
52	1132	Jerzy Jedrysiak	2017	Grafík - Dúkrístur.	Völundarhús draumanna / W labiryntcie snow / In Labyrinth of dreams
53	1133	Jerzy Jedrysiak	2015	Grafík - Dúkrístur.	Stórborgartími / Czas na metropolis / The metropolis time 2015
54	1134	Krzysztof Skórczewski	2015	Grafík - Koparstungur.	Turn hins æðsta samræmis / Wieża njawyzsej harmonii / The Tower of t
55	1135	Krzysztof Skórczewski	2012	Grafík - Koparstungur.	Duomo 2012
56	1136	Krzysztof Skórczewski	2015	Grafík - Koparstungur.	Jarðarmiðja / Srodek swiata / The middle of the world 2015
57	1137	Jacek Sroka	2017	Grafík - Ætingar.	Vatn / Woda / Water
58	1138	Marta Wakula-Mac	2019	Grafík - Einþrykk.	Skógur III / Las III / Forest III
59	1139	Marta Wakula-Mac	2019	Grafík - Einþrykk.	Skógur V / Las V / Forest V 2019
60	1140	Henryk Ozóg	2014	Grafík - Þurrnámalyndir.	Nýraunsæi / NEO realizm / NEO realism

Fjöldi	LRN	Listamaður	Aldur	Grein	Verkeiti
61	1140	Henryk Ozóg	2014	Grafik - Purnálarmyndir.	Nýraunsæi / NEO realism / NEO realism
62	1141	Bartłomiej Chwiczynski	2017	Grafik - Steinþrykk.	Nautilus II
63	1142	Bartłomiej Chwiczynski	2017	Grafik - Steinþrykk.	Nautilus I
64	1143	Jan Pamula	2019	Tölvuprent. Nýir miðlar - Tölvulistaverk.	Vettvangur fínlegra litabreytinga (41a) Pole dyskretnych zmian barwync
65	1144	Anna Sobol-Wejman	2015	Grafik - Ætingar.	Umskipti / Przejscie / Transition
66	1145	Anna Sobol-Wejman	2017	Grafik - Ætingar.	Í fjarska / W sina dal / Far away
67	1146	Anna Sobol-Wejman	2015	Grafik - Ætingar.	Tileinkað Kazimir M. / Dla Kazimierza M. / For Kazimir M.
68	1147	Anna Sadowska	2019	Lágprentun.	Stúlkán í gylltu skikkjunnni / Panna wygieta w sukni zrotej / The Bent Maid
69	1148	Wladyslaw Pluta	2015	Serígraffía. Grafik - Silkiþrykk.	Laukar 3 (Frá Cézanne) Onions 3 (From Cézanne)
70	1149	Krzysztof Tomalski	2015	Lágprentun.	Útflæði 1 (Andþyngdarserían) Odpływ I / (Antygravitacja) / The Outflow
71	1150	Krzysztof Tomalski	2015	Lágprentun.	Útflæði II (Andþyngdarserían) / Odpływ II (cykl Antygravitacja) / The O
72	1151	Ewelina Malysa	2017	Grafik - Steinþrykk.	Eining 1/7 / Modul 1/7 / Module 1/7
73	1152	Ewelina Malysa	2017	Grafik - Steinþrykk.	Eining 1/4 / Modul 1/4 / Module 1/4
74	1153	Ewelina Malysa	2017	Grafik - Steinþrykk.	Eining 1/6 / Modul 1/6 / Module 1/6
75	1154	Ewelina Malysa	2017	Grafik - Steinþrykk.	Eining 1/8 / Modul 1/8 / Module 1/8
76	1155	Wieslaw Skibinski	2015	Grafik - Ætingar.	Við vatnsbólið / U wodopoju / At the Water well
77	1156	Wieslaw Skibinski	2015	Grafik - Ætingar.	Svartavatn / Czarny staw / The black lake
78	1157	Rafal Pytel	2019	Nýir miðlar - Stafrænt prent. Grafik - Dúkrístur.	Kolhreinsunareldur / Karburatorium / Curburatory
79	1158	Rafal Pytel	2019	Nýir miðlar - Stafrænt prent. Grafik - Dúkrístur.	Hnignun litlu vinnustofanna / Drobne manufaktury sie ku upadowi / Sm
80	1159	Krzysztof Swietek	2018	Grafik - Steinþrykk.	Galin skepna / Bestyjo pierunsko / Crazy beast
81	1160	Krzysztof Swietek	2018	Grafik - Steinþrykk.	Tígisdýr segðu mér sögu / Wah, Wah, Wah / Teach me tiger, Wah, Wah
82	1161	Paulina Zmuda	2018	Grafik - Steinþrykk.	Edensgarður / Eden
83	1161	Paulina Zmuda	2018	Grafik - Steinþrykk.	Edensgarður / Eden
84	1161	Paulina Zmuda	2018	Grafik - Steinþrykk.	Edensgarður / Eden
85	1161	Paulina Zmuda	2018	Grafik - Steinþrykk.	Edensgarður / Eden
86	1162	Agnieszka Dobosz	2017	Grafik - Djúpprykk.	Kona 1 / Kobieta 1 / Woman 1
87	1163	Agnieszka Dobosz	2017	Grafik - Djúpprykk.	Kona II / Kobieta II / Woman II
88	1164	Marta Bozyk	2017	Grafik - Dúkrístur.	Svarta stjúpblómið / Bratek czarny / Black pansy
89	1165	Marta Bozyk	2017	Grafik - Dúkrístur.	Liljurnar / Kalie / The Calla Lilies
90	1166	Agnieszka Lakoma	2018	Nýir miðlar - Stafrænt prent.	Via Lucis II

3. SÝNINGAHALD

3.1 SÝNINGARSTEFNA (SAMÞYKKT 2. NÓV 2010)

1.gr.

Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af verkum eftir listamenn Suðurnesja frá öllum tímum.

2.gr.

Stefnt skal að því að listaverkæign safnsins gefi góða mynd af samtímalist á landinu öllu.

3.gr.

Safnið skal hvetja unga listamenn af Suðurnesjum til dáða með kaupum á verkum þeirra eins og hægt er miðað við fjárframlög hverju sinni.

4.gr.

Stefnt skal sérstaklega að söfnun verka eftir börn og unglinga úr Reykjanesbæ og ætlinin að koma upp góðu yfirliti yfir listiðkun þeirra.

5.gr.

Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.

6.gr.

Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins miðað við fjárframlög hverju sinni.

7.gr.

Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

3.2 SÝNINGAR ÁRSINS

Sýningahald hefur allt frá upphafi verið viðamikill liður í starfsemi Listasafns Reykjanesbæjar. Safnið hefur komið beint eða óbeint að fjölda sýninga sem haldnar hafa verið í bæjarfélaginu m.a. á Ljósanótt auk sýninganna sem safnið hefur haft forgöngu um í sýningarsölum sínum í Duus Safnahúsum. Listasafnið hefur einn fastan sýningarsal í Duus Safnahúsum og er það Listasalur en að auki setur safnið upp tímabundnar sýningar í öðrum sölum hússins. Settar voru upp:

- 5 sýningar í Listasal
- 5 sýningar í Bíósal
- 1 sýning í Gryfjunni
- 6 í Stofunni
- 2 sýningar í Bátasal
- 1 sýning á Keflavíkurtúni

Alls voru því settar upp 20 sýningar á vegum Listasafnsins í sölum Duus Safnahúsa árið 2019.

Hér má sjá yfirlit yfir þessar 20 sýningar í tímaröð:

- 14. feb. – 22. apríl. Bíósalur. Ljós og tími. Ljósmyndir úr safneign.
- 15. Feb. – 22. apríl. Listasalur. Teikn eftir Guðjón Ketilsson. Þess má geta að Guðjón Ketilsson var útnefndur myndlistarmaður ársins fyrir þá sýningu.
- 6 -28. apríl. Stofan. Á vegum félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ, Litróf, verk eftir félagsmenn sem unnin voru á haust- og vetrarnámskeiðum félagsins.
- 2-19. maí. Listahátíð barna í Reykjanesbæ. Hreinn heimur betri heimur.
 - Listasalur : Listsýning Leikskólanna
 - Gryfjan : Listsýning Grunnskólanna
 - Bíósalur: Ljósmyndir eftir Oddgeir Karlsson teknar af börnum í skólum bæjarins við undirbúning sýninganna.
 - Stofan: Sýning nemenda af listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja
 - Hvalur á Keflavíkurtúni. Skúlptúr unninn úr efniviði grænu tunnunnar undir listrænni stjórn Önnu Maríu Cornette og Þóreyjar Aspar Gunnardóttur.

- 27. maí – 18. ágúst. Bíósalur. Verk úr safneign. Málverk, skissur og steindir gluggar eftir Benedikt Gunnarsson.
- 31. maí – 18. ágúst. Listasalur. Fjölskyldumynstur eftir Erlu S. Haraldsdóttur.
- 23. júní – 7. júlí. Stofan. Ást á Íslenskri náttúru, Ljósmyndir Oddgeirs Karlssonar og sýning á fuglum og grjóti úr safni Njarðvíkingsins Áka Gränz heitins.
- 13. júlí – 18. ágúst. Stofan. Fimmföld sýn, Listamennirnir eru Anna Hallin, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Helgi Þorgils, Olga Bergmann og Rósa Sigrún Jónsdóttir.
- 5. sept. – 3. nóv. Bátasalur. Ljósmyndasýning Hjálmars Árnasonar, Skessukatlar. Ljósanætorsýning.
- 5. sept – 3. nóv. Stofan. Ljósanætorsýning, Reynir Katrínar, Galdrameistari og skapandi listamaður.
- 5. sept – 3. nóv. Bíósalur. Ljósanætorsýning, Óvænt stefnumót. Gunnhildur Þórðardóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Kristín Rúnarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sossa og Valgerður Guðlaugsdóttir.
- 5. sept – 3. nóv. Listasalur. Ljósanætorsýning Listasafnsis, Veruleikinn og vindingar hans. Pólsk úrvalsgrafík.
- 14. nóv – 12. jan. Bíósal. Á vegum Listasafns, För – Blönduð tækni og einþrykk eftir Elvu Hreiðarsdóttur.
- 14. nóv. Stofan. Ljósmyndir og videoverk í tilefni Pólskrar menningarhátíðar í Reykjaneshæ, Persónulegar sögur.Vena Naskrecca og Adam Calicki.
- 14. nóv . Bátasalur. Á vegum Listasafns, Fögnum fjölbreytileikanum eftir Jönu Birtu Björnsdóttur.

3.2.1 Sýningar í Listasal

Fimm nýjar sýningar voru settar upp í aðal sýningarsal safnsins árið 2019.

3.2.1.1 Teikn

Fyrsta sýningin sem opnuð var á árinu 2019 var einkasýning á verkum Guðjóns Ketilssonar myndlistarmanns. Sýningin nefndist „Teikn“ og var samsett úr 8 verkum sem öll fjölluðu með einum eða öðrum hætti um tákni, táknerkingu og „lestur“ í víðasta skilningi þessara orða. Listamaðurinn hefur unnið jöfnum höndum að gerð þrívíddarverka og teikninga eins og sjá mátti á sýningunni. Verk hans eru hvorttveggja í senn völundarsmíði og hugleiðingar um tilvist manns, þau spor sem hann markar sér í raunheimi með gjörðum sínum og þær aðferðir sem hann notar til að gera sig skiljanlegan í menningarlegu nærumhverfi sínu. Mörg helstu verka Guðjóns eru uppfull af vísbendingum, táknum og tilvitnunum sem mynda eins konar

huglæg rými sem áhorfandinn gerist þátttakandi í og upplifir á eigin skinni. Verkin á sýningunni „Teikn“ voru einmitt þess eðlis.

Guðjón er með allra markverðustu myndlistarmönnum þjóðarinnar og hefur haldið yfir þrjátíu einkasýningar og tekið þátt í samsýningum um allan heim. Hann hefur hlotið margar opinberar viðurkenningar og gert verk sem finna má í á opnum svæðum á ýmsum stöðum. Hann tók m.a. þátt í samsýningunni „Þríviður“ í Listasafni Reykjanesbæjar árið 2008, en sú sýning var kjörin ein af bestu listsýningum þess árs af fjölmiðlum. Verk hans er að finna í öllum helstu listasöfnum landsins. Sýningarstjóri var Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, en auk hans ritaði skáldið Sjón hugleiðingu um „fundið myndletur“ Guðjóns í sýningarskrána þar sem Sjón grennslaðist fyrir um hugsanlegan boðskap þess. Guðjón Ketilsson var útnefndur myndlistarmaður ársins fyrir sýninguna og er það mikil viðurkenning fyrir listamanninn og safnið.

3.2.1.2 Listahátíð barna

Þann 2. maí voru sýningar á listahátíð barna opnaðar í 14. sinn en hátíðin er samvinnuverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, allra 10 leikskóla bæjarins, allra 6 grunnskólanna, Tónlistarskólans, dansskólanna og listnámsbrautar Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hátíðin hefur vaxið og eflst með hverju ári og er virðing fyrir börnum, störfum þeirra og þörfum höfð að leiðarljósi. Yfirskrift ársins var *Hreinn heimur – betri heimur* og voru verk leikskólabarnanna staðsett í Listasal, verk grunnskólabarnanna voru til sýnis í Gryfjunni og verk FS voru staðsett í Stofunni. Þá voru í Bíósal settar upp ljósmyndir teknar af Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara af skólabörnum við undirbúning sýninganna.

Í tengslum við sýninguna fór einnig fram smíðja á Keflavíkurtúni þar sem stórhveli tók á sig mynd á meðan á hátíðinni stóð en allt efni í hvalinn kom úr grænum tunnum. Með öðrum orðum úr rusli sem var á leið í endurvinnslu. Það voru þær Anna María Cornette og Þórey Ösp Gunnarsdóttir sem voru listrænir stjórnendur og stýrðu þeirri vinnu.

Sérstök fjölskylduhelgi fór fram í tengslum við hátíðina þar sem fjölbreytt dagskrá var í Duus Safnahúsum og svæðinu þar í kring og mynduðu sýningarnar Hryggjarstykkið í hátíðinni.

Verkefnið var styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.



Listahátíð barna. Stórhveli á Keflavíkurtúni

3.2.1.3 *Fjölskyldumynstur*

Föstudaginn 31. maí klukkan 18:00 opnaði sýning Erlu S. Haraldsdóttur „Fjölskyldumynstur.“ Erla S. ólst upp í Svíþjóð en hefur verið búsett í Berlín í á annan áratug. Hún sýndi ný málverk og lithographíur byggðar á fjölskyldusögu og endurminningum. Hún fann tengingar við myndefnið í abstrakt myndrum Ndbele ættbálksins sem hún kynnti sér í vinnustofudvöl í Suður Afríku.

Auk hefðbundinna málverka Erlu S. voru á sýningunni myndur unnin beint á vegg og fékk hún aðstoð nokkurra nemenda úr málaradeild Myndlistaskólans í Reykjavík við gerð þeirra. Myndirnar sem Erla S. Sýndi voru meðal annars tilkomnar vegna áhuga hennar á að kynna uppruna sínum; formæðrum og ættkonum. Samtímis því að Erla S. kynnti sér menningararf kvenna í annarri heimsálfu, minnti listakonan á að í dag lifum við í heimsþorpi þar sem ólíkir menningarheimar þurfa að vinna saman í sátt og samlyndi.

3.2.1.4 *Veruleikinn og vindingar hans, úrvalsgrafík frá Póllandi*

Á Ljósanætersýningu safnisin var kastljósi sérstaklega beint að framlagi Pólverja til listar og menningar þar sem vitað var að hartnær fjórðungur bæjarbúa er nú af pólskum uppruna. Af þessu tilefni var opnuð vegleg sýning á pólskri grafíklist þann 5. september undir yfirskriftinni *Veruleikinn og vindingar hans, úrvalsgrafík frá Póllandi*. Sýningin var sérstaklega valin fyrir Listasafnið af Jan Fejkiel, forstöðumanni Fejkiel gallerísins í Kraká, en sú stofnun nýtur mikillar virðingar innan og utan Póllands fyrir vandaða sýninga- og

útgáfustarfsemi í þágu pólskrar grafíklistar á undanförunum tveimur áratugum. Fejkiel var viðstaddur sýningaropnun og kynnti svo verkin á sýningunni bæði fyrir samlöndum sínum á Íslandi og öðrum gestum sunnudaginn 8. september. Alls voru sýnendur 25 talsins og gaman er að geta þess að stór hluti verkanna eignaðist nýtt heimili á Íslandi í lok sýningar.

Staðsetning Fejkiel-galleríssins í Kraká er engin tilviljun, þar sem listaakademían þar í borg hefur frá upphafi útskrifað fleiri þekktu grafíklistamenn en nokkur annar listaskóli í Póllandi. Úrval verka eftir eldri kynslóð þessara grafíklistamanna gat að líta á eftirminnilegri sýningu að Kjarvalsstöðum árið 1977; á sýningunni í Listasafni Reykjaness er yngsta kynslóð pólskra grafíklistamanna aðallega í sviðsljósinu.

3.2.1.5 *Ágústmyndir Septembermanna*

Þann 14. nóvember var opnuð sýning á verkum úr einkasafni ástríðusafnarans Braga Guðlaugssonar. Um langt árabil hefur hann verið fastagestur á öllum myndlistarsýningum á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem hann sækir heim myndlistarmenn til að kaupa af þeim myndir, skiptist á myndum við aðra safnara, verslar að auki við uppboðshús heima og erlendis. Eins og títt er um ástríðusafnara lætur Bragi tilviljanir og tilfinningar ráða för. Um leið er hann knúinn áfram af ákveðinni köllun, nefnilega að eignast bestu útgáfuna af hverjum listamanni sem hann hrífst af. Kaupi hann t.d. uppstillingu eftir Þorvald Skúlason, vill hann vera handviss um að eignast þá bestu sem völ er á. Til að öðlast þá fullvissu leggst hann iðulega í umfangsmikla eftirgrennslan. Og verður margs fróðari fyrir vikið.

Ástin fer ekki í manngreinarálit. Því hafa ástríðusafnarar eins og Bragi tilhneingingu til að vera býsna viðtækir í söfnun sinni. Í fórum hans er því að finna mörg ágæt verk frá ýmsum tímum. Heildstæðast er þó safn hans af verkum eftir íslenska listamenn á tímabilinu 1930-1960, þegar myndlistin í landinu stóð frammi fyrir meiri breytingum en nokkru sinni fyrr. Sérstaklega er lærdómsríkt safnið sem hann hefur komið sér upp af myndum og formyndum eftir þau Karl Kvaran, Guðmundu Andrésdóttur og Kristján Davíðsson.

Listasafnið fékk að velja úr þessu safni nokkrar myndir, aðallega olíumálverk, eftir þrettán listamenn sem endurspegla mikið umbrotaskeið íslenskrar myndlistar, þegar umfjöllun um veruleikann er smátt og smátt að víkja fyrir hugmyndinni um listaverkið sem sjálfstæðan veruleika. Þarna er aðallega um að ræða verkin sem kynslóð eftirstríðsáranna gerir í aðdraganda myndlistarbyltingarinnar sem kennd er við Septembersýningarnar 1947-52, sem sagt „Ágústmyndir Septembermanna“.

3.3 BÍÓSALUR DUUSHÚSA

Í Bíósalnum eru settar upp tímabundnar sýningar ýmist á vegum Listasafns eða Byggðasafns eða sameiginlega á vegum safnanna beggja. Árið 2019 voru fimm sýningar settar upp á vegum Listasafnsins í salnum.

3.3.1 *Ljós og tími. Ljósmyndir úr safneign*

Á síðustu 15 árum hefur listasafnið eignast fjölda listrænna ljósmynda sem settar voru upp á sýningu í Bíósal Duus Safnahúsa sem opnuð var þann 15. febrúar. Þar mátti m.a. sjá verk eftir bæði innlenda og erlenda ljósmyndara s.s. Einar Fal Ingólfsson, Spessa, Katrínu Elvarsdóttur, Tom Sandberg, Vigdís Handhammer. Titill sýningarinnar vísaði í helstu frumþætti miðilsins, þ.e. ljós og tíma. Einnig mátti velta fyrir sér orðum John Szarkowski, yfirmanns ljósmyndadeildar Nútímalistasafnsins í New York (M.O.M.A) og helsta sérfræðings í bandarískri ljósmyndun, sem setti fram athyglisverða kenningu um ljósmyndun þar sem hann skipti ljósmyndurum í tvo flokka; þá sem litu á ljósmyndun sem tæki til tjáningar á einkalegum viðhorfum, sem sagt "speglamenn", og þá sem litu á hana sem tæki til hlutlausrar frásagnar af hinu séða, þ.e. "gluggamenn".

3.3.2 *Listahátíð barna. Ljósmyndir af undirbúningi*

Sjá kafla 3.2.1.2. Oddgeir Karlsson tók myndir í skólunum af börnum við undirbúning fyrir Listahátíð barna og prýddu myndirnar veggj Bíósalarsins á meðan á hátíðinni stóð.

3.3.3 *Málverk, skissur og steindir gluggar eftir Benedikt Gunnarsson*

Sú hefð hefur skapast á liðnum árum að á einni af sumarsýningum Listasafns Reykjanesbæjar eru sýnd verk úr safneigninni. Að þessu sinni voru sýnd verk eftir Benedikt Gunnarsson listmálara en fjölskylda Benedikts gaf safninu nokkur málverk vorið 2019 ásamt skissum af steindum gluggum sem Benedikt vann fyrir Keflavíkurkirkju árið 1977. Þegar kirkjan var færð til upprunalegs horfs árið 2012 voru gluggarnir teknir niður og settir í geymslu en á sýningunni mátti sjá sex þessara. Sýningarstjóri var Valgerður Guðmundsdóttir.

3.3.4 *Óvænt stefnumót*

Safnið hefur lengi haft þann sið að vera alltaf með a.m.k. eina sýningu á Ljósanótt þar sem heimafólk er í fyrirrúmi. Að þessu sinni var það sýningin „Óvænt stefnumót“. Þarna voru leiddar saman 6 listakonur sem eiga það eitt sameiginlegt að hafa allar verið með einkasýningu í safninu einhvern tímann á síðustu 15 árum. Verkin sem þær sýndu voru

unnin með fjölbreyttri tækni og valdi hver um sig sína eigin leið og sína eigin túlkun. Þær sem tóku þátt í þessu verkefni voru: Gunnhildur Þórðardóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Kristín Rúnarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sossa og Valgerður Guðlaugsdóttir.



Frá sýningunni Fjölskyldumynstur eftir Erlu S. Haraldsdóttur

3.3.5 För

Þann 14. nóvember var opnuð sýning á verkum grafíklistakonunnar Elvu Hreiðarsdóttur undir yfirskriftinni För. Þar mátti sjá nokkuð nýjar leiðir í myndsköpun hennar á þann veg að collograph plötur sem hún hefur vanalega þrykkt af voru orðnar að sjálfstæðum verkum með nýjum útfærslum.

3.4 GRYFJAN

Gryfjan er einn sýningarsalanna í Duushúsum og þar hafa verið til skiptis sýningar á vegum Byggðasafns og Listasafns. Ein sýning var þar á vegum Listasafnsins árið 2019.

3.4.1 Listahátíð barna

Í fimmta sinn héldu grunnskólarnir sameiginlega sýningu á úrvali verka vetrarins úr list- og verkgreinum á Listahátíð barna undir sömu yfirskrift og leikskólinn, *Hreinn heimur*,

betri heimur. Nemendur 4. bekkja fengu það verkefni að vinna blóm sem svifu yfir sýningarsalnum og sköpuðu skemmtilegt yfirbragð.



Frá sýningunni Veruleikinn og vindingar hans. Pólsk úrvalsgrafík.

3.5 STOFAN

2015 bættist nýr sýningarsalur við þá flóru sem þegar er að finna í Duus Safnahúsum, Stofan í Bryggjuhúsi. Stofan er mikið nýtt til ýmiss konar fundahalds og þar hafa verið settar upp styttri sýningar einnig. Árið 2019 voru sex sýningar settar þar upp á vegum safnsins.

3.5.1 *Litróf*

Þann 6. apríl opnaði Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ sýninguna “Litróf” þar sem sýnd voru verk sem félagsmenn höfðu unnið á haust- og vetrarnámskeiðum félagsins. Kennarar á námskeiðunum voru Kristbergur Ó Pétursson, Bragi Einarsson og Elva Hreiðarsdóttir.

3.5.2 *LISTAHÁTÍÐ BARNNA: FS*

Þann 2. maí opnaði sýning nemenda af listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Stofunni og var sú sýning ein af 4 sýningum í húsinu sem voru hluti af Listahátíð barna. Sjá nánar í kafla 3.2.1.2

3.5.3 *Ást á íslenskri náttúru*

Þann 23. júní var sett upp sýning á landslagsljósmyndum Oddgeirs Karlssonar sem allar eru teknar á Reykjanesskaganum. Einnig gaf þar að líta sýningu á fuglum og grjóti úr safni Njarðvíkingsins Áka Gränz.

3.5.4 *Fimmföld sýn*

Á vormánuðum var fimm listamönnum boðið að taka þátt í verkefni þar sem þeir unnu með upplifanir sínar af Suðurnesjunum. Áhersla var lögð á tvívíða miðla og verk á pappír. Listamennirnir voru Anna Hallin, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Helgi Þorgils, Olga Bergmann og Rósa Sigrún Jónsdóttir. Þeim gafst kostur á að hafa vinnuaðstöðu í gamla samkomuhúsinu í Höfnum. Þau gengu mörg hver um landið í kring um Hafnir og söfnuðu litaprufum og sjónarhornum sem síðan runnu inn í verkin þeirra. Lágróður og veggheðslur fundu sína leið í saumspori, ströndin og höfnin mótuðust á blaði, hólar og hæðir voru rispuð á koparplötur, hugleiðingar um náttúru fyrirbæri eins og flekaskilin og jafnvel flugumferðin varð að innblæstri. Ný sýn opnaðist á kunnugleg fyrirbæri sem listamennirnir gerðu að sínum með því að tvinna þau inn í verk sín. Umsjónarmenn verkefnisins voru Hafnabúarnir Valgerður Guðlaugsdóttir og Helgi Hjaltalín Eyjólfsson.

3.5.5 *Reynir Katrínar galdrameistari og skapandi listamaður*

Ein af Ljósanæversýningum ársins í Duus Safnahúsum var sýning Reynis Katrínar, galdrameistara og skapandi listamanns. Andleg málefni hafa alla tíð átt huga og hjarta Reynis og bera verk hans þess sterk merki. Reynir sem hefur stundað hugleiðslu um árabíl sagði frá því að í gegnum hugleiðsluna hefði hann m.a. kynnst ljósverum og litríkum heimi þeirra. Reynir velur að vinna einungis með náttúruleg efni, þ.e. steina, rekavið, ull og egg temperu og notast við liti sem hann finnur í íslenskri náttúru.

3.5.6 *Persónulegar sögur*

Sýningin PERSÓNULEGAR SÖGUR var unnin af listakonunni Venu Naskrecca og Adam Calicki í tilefni pólskrar menningarhátíðar í Reykjanesbæ. Sýningin fjallaði um með hvaða hætti persónuleg tengsl geta myndast á milli fólks af ólíkum uppruna. Vena og Adam, eiga það sameiginlegt að vera bæði frá Póllandi en vera nú búsett í Reykjanesbæ.

3.6 **ANDDYRI**

Veggur á bak við afgreiðsluborð í anddyri Duus Safnahúsa hefur gjarnan verið nýttur til að hengja upp verk tímabundið, ekki síst á Ljósanótt. Þá voru einmitt settar upp

Ijósmyndir eftir Hjálmar Árnason undir yfirskriftinni Skessukatlar en þeir myndast í ám með hringiðum. Katlarnir geta tekið á sig ótrúlegustu myndir. Skessukatlarnir á myndunum voru allir á um 20 fermetra svæði við Flekkudalsá í Dölum. Myndirnar voru teknar á u.þ.b. einni klukkustund.

Í nóvember voru svo hengd upp nokkur verk eftir Jönu Birtu Björnsdóttur, unga heimakonu sem ætlað var að vekja athygli á fjölbreytileikanum í mannlegu samfélagi með því að sýna notkun hjálpartækja í jákvæðu samhengi.

4. ÚTGÁFA, MIÐLUN OG RANNSÓKNIR

4.1 SAMFÉLAGSMIÐLAR

4.1.1 VEFUR: REYKJANESBAER.IS/LISTASAFN

Á vefnum eru veittar upplýsingar um starfsemi safnsins með áherslu á sýningar og viðburði. Þar er að finna gott yfirlit yfir sýningar safnsins frá upphafi auk ýmissa hagnýtra upplýsinga. Slóðin er reykjanesbaer.is/listasafn.

4.1.2 FACEBOOK

Listasafnið notar Facebook markvisst til að koma viðburðum og starfsemi sinni á framfæri. Þar eru settar inn tilkynningar um það sem er efst á baugi hverju sinni, myndir af viðburðum og fólk hvatt til heimsóknar í safnið og til að mæta á þá viðburði sem boðið er upp á hverju sinni. Listasafnið á nú 1429 aðdáendur á Facebook og hefur þeim fjölgað um 387 frá síðasta ári.

4.1.3 INSTAGRAM

Safnið er einnig með Instagramreikning, [#listasafnreykjanesbaejar](https://www.instagram.com/listasafnreykjanesbaejar/) / [#reykjanesartmuseum](https://www.instagram.com/reykjanesartmuseum/) og er að fíkra sig áfram með það.

4.2 PRENTUN

Listasafn Reykjanesbæjar hefur frá upphafi staðið fyrir öflugum útgáfustarfi og á síðasta ári voru gefnar út 4 stórar sýningarskrár í tengslum við sýningar safnsins í Listasal. Í öllum skránum var gerð grein fyrir viðkomandi listamanni/mönnum og verkum hans/þeirra. Allur texti er ávallt þýddur yfir á ensku og því birtur bæði á íslensku og ensku í bæklingunum. Í tengslum við pólsku sýninguna var gefin út sérlega vegleg sýningarskrá þar sem texta var að finna á íslensku, ensku og pólsku. Þá var einnig gefin út sýningarskrá

Í tengslum við Listahátíð barna þar sem er að finna texta og myndir frá öllum skólum bæjarins sem taka þátt í hátíðinni. Prentuð voru 200 eintök af öllum skránum nema sýningarskránni sem tengdist Ljósanótt 400 eintök voru prentuð af þeim. Hver listamaður fékk svo í sínar hendur nokkur eintök af sínum bæklingi sem hann getur þá notað til kynningar. Ekki voru prentuð boðskort á þessu ári heldur aðeins send út tölvuboðskort. Auglýsingaplaköt voru prentuð í tengslum við allar sýningarnar. Hönnuður var Jón Oddur Guðmundsson og Litaprent sá um prentunina.

4.3 LEIÐSAGNIR

Leiðsagnir listamanna eða sýningarstjóra eru fastur liður í tengslum við miðlunarhluta sýninganna auk þeirra kynninga sem starfsmenn safnsins veita á hverju sýningartímabili.

Guðjón Ketilsson var með leiðsögn um sýningu sína Teikn á Safnahelgi á Suðurnesjum í mars. Erla S. Haraldsdóttir og Inga Þórey Jóhannsdóttir tóku á móti gestum í sýningunni Fjölskyldumynstur í júní. Lokahóf var haldið í tengslum við sýninguna Fimmföld sýn í Stofunni þar sem samstarfi listamannanna var fagnað og botninn sleginn í verkefnið. Jan Fejkiel eigandi Fejkiel gallerísins í Kraká í Póllandi var með sérstaka leiðsögn um Ljósanætersýninguna sem túlkuð var yfir á íslensku. Reynir Katrínar var bauð upp á örspádóma og hugleiðslu í tengslum við sýningu sína í Stofunni. Aðalsteinn Ingólfsson var með leiðsögn um sýninguna Ágústmyndir Septembermanna í janúar sl. og sömuleiðis tók Elva Hreiðarsdóttir á móti gestum á sýningu sína För.

4.4 SÖFNUN HEIMILDA

Heimildaöflun fylgir öllum sýningunum í Listasafnum. Upplýsingum um hvern einasta listamann sem þar sýnir er safnað saman og þær skráðar, s.s. menntun, yfirlit yfir allar sýningar og önnur störf sem viðkomandi hefur unnið í tengslum við myndlist. Öll verk á sýningunni eru ljósmynduð og skráð með heitum, stærð, hvenær unnin, úr hvaða efni o.fl. sem nauðsynlegt þykir að fylgi hverju verki. Þessar heimildir eru allar geymdar í skrá safnsins.

Heimildavinnu um myndlist og myndlistarmenn á Suðurnesjum sem hófst árið 2004 er fram haldið og nýjar upplýsingar koma fram á hverju ári. Við skráningu safnkostsins á árinu komu einnig fram ýmsar nýjar upplýsingar sem ávallt eru settar jafn óðum í Sarp.

4.5 SAFNKENNSLA

Samkvæmt sýningastefnu safnsins er lögð áhersla á gott samstarf við skólana í bænum og upplýsingar um sýningar safnsins sérstaklega kynntar þeim. Þá er sömuleiðis lagt upp með skipuleggja sýningahald þannig að ákveðnar sýningar geti flokkast sem sérstakar nemendasýningar. Bréf eru send í alla skóla til að kynna þær sýningar sem í gangi eru hverju sinni og skólarnir hvattir til að bóka heimsóknir hjá fræðslufulltrúa safnsins sem jafnframt tekur á móti hópunum, veitir leiðsögn um sýningarnar og/eða leggur fyrir verkefni í samvinnu við kennarana sem fylgja hópunum. Það hefur sýnt sig að það fer mjög eftir eðli sýninganna hversu mikið aðdráttarafl þær hafa fyrir nemendahópa. Einstaka sýningar slá í gegn á meðan aðrar draga til sín færri fólk. Það verður hins vegar að segjast að nemendaheimsóknirnar virðast að mestu einskorðast við þá skóla sem eru í göngufæri frá safninu, þ.e. Heiðarskóla, Holtaskóla og Myllubakkaskóla og eru sömuleiðis bundnar við einstaka kennara. Það má alveg velta fyrir sér þeim möguleika að miða ákveðnar sýningar á ákveðna hópa, þannig að t.d. nemendum 4. bekkjar sé boðið sérstaklega á ákveðnar sýningar o.s.frv. Þannig mætti mögulega ná betri árangri í nemendaheimsóknum.

Á árinu voru skráðar nemendaheimsóknir í Duus Safnahús í kringum 1.900 sem er fjölgun frá fyrra árið þegar um 1.700 nemendur. Af þessum hópi voru leikskólanemendur 931, grunnskólanemendur voru 882 og framhaldsskólanemendur í kringum 61. Flest leikskólabarnanna koma í heimsókn í tengslum við Listahátíð barna.

5. ÖNNUR VERKEFNI

5.1 LISTASKÓLINN

Listasafnið hefur frá árinu 2003 haldið úti Listaskóla barna á sumrin þar sem markmiðið er að skapa börnum í sveitarfélaginu tækifæri til þátttöku í listrænu og skapandi starfi.

Listaskólinn er rekinn í samstarfi við Félag myndlistarmanna og Leikfélag Keflavíkur. Hann hefur boðið upp á sumarnámskeið fyrir 7-13 ára börn.

Haldin voru tvö þriggja vikna námskeið í júní, annað fyrir hádegi og hitt eftir hádegi. Bæði námskeiðin voru haldin frá 11.júní til og með 28.júní. Fyrir hádegi frá kl. 08:30-11:30 voru 35 börn skráð í Listaskólann, 3 drengir og 32 stúlkur. Seinna námskeiðið var eftir hádegi frá kl. 12:30-15:30 og voru 38 börn, þar af 3 drengir og 35 stúlkur. Áhersla er lögð á

myndlist og leiklist en aðal markmiðið er að öllum líði vel í notalegu og skapandi umhverfi og hver og einn fái verkefni við hæfi.

Umsjónarmaður Listaskólans var Halla Karen Guðjónsdóttir og leiðbeinandi Katla Guðbjörg Gunnarsdóttir. Það er mjög mikilvægt að börnum í bæjarfélaginu standi námskeið af þessu tagi til boða sem kemur til móts við þarfir þeirra sem hafa ríka sköpunargleði og listtengdan áhuga. Við sjáum líka mörg barnanna koma aftur og aftur á námskeiðið. Það er mat þeirra sem að verkefninu stóðu að vel hafi tekist til í sumar og að allir sem að komu, börn, foreldrar og starfsfólk hafi verið ánægt með afraksturinn.

5.2 LISTAHÁTÍÐ BARNNA

Listahátíð barna er samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, allra 10 leikskólanna, allra 6 grunnskólanna, Tónlistarskólans og dansskóla bæjarins auk Fjölbrautaskóla Suðurnesja og var haldin í 14. sinn dagana 2. - 19. maí 2019.

Yfirskrift leikskóla- og grunnskólahluta hátíðarinnar 2019 var *Hreinn heimur - betri heimur* og auk þess voru nemendur á listnámsbraut FS með sýningu í Stofu á verkum vetrarins. Lagt var upp með að vinna með þann efnivið sem fer í grænu tunnuna og skapa úr honum listaverk. Það markmið var sett að bæta ekki við sköpunina öðrum efnivið svo sem málningu eða öðru slíku en reyna að ná fram „fegurð“ úr ruslinu og leggja áherslu á litadýrð.

Heildargestafjöldi þá 18 daga sem sýningin stóð var skráður 4.161. Þar af voru 1.450 gestir skráðir laugardaginn 4. maí, þegar sérstök fjölskyldudagskrá var í gangi. Tilfinning okkar er þó sú að að mun fleiri hafi sótt húsin heim þann dag en stöðugur straumur fólks var allan daginn inn og út úr húsunum um 2 innganga og erfitt er að halda utan um nákvæma skráningu við þær aðstæður. Ef gestafjöldanum er jafnað út á þá 18 daga sem hátíðin stóð, þá sóttu húsin um 230 manns á dag. Óhætt er því að segja að hátíðin sé einn af vinsælli viðburðum sem fram fer í húsunum.

Aðkoma Listasafnsins lá í skipulagningu og utanumhaldi verkefnisins, kynningu, útgáfu sýningarskrár og fleiru sem til féll. Listasafnið hefur einnig staðið straum af megin kostnaði við verkefnið. Fræðsluvið hefur aukið aðkomu sína að verkefninu ekki síst þeim hluta sem snýr að aðkomu grunnskólanna og einnig tekið þátt í kostnaði þeim tengdum.

Sérstök fjölskyldudagskrá var haldin laugardaginn 4. maí. Fjölskyldudagskrá hátíðarinnar var sambland af smiðjum og skemmtidagskrá jafnt innan sem utan dyra. Mikill mannfjöldi var á svæðinu og stemningin virkilega góð.

6. HÚSNÆÐI, OPNUNARTÍMI, STARFSFÓLK OG GESTAFJÖLDI

6.1 HÚSNÆÐI OG OPNUNARTÍMI

Listasafnið er rekstraraðili Duus Safnahúsa sem er menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar og þar er aðal sýningarsalur safnsins, Listasalur. Einnig hefur safnið verið með sýningar í Gryfjunni, Bíosal og Stofunni sem einnig eru í Duus Safnahúsum. Safngeymslur eru í Ramma, Seylubraut 1. Opnunartími safnsins var alla daga frá 12.00-17.00. Þess utan er opið þegar þurfa þykir, bæði fyrr á morgnana og fram á kvöld.

STARFSFÓLK

Fastráðið starfsfólk:

- | | |
|--|-------------|
| 1. Valgerður Guðmundsdóttir skipaði stöðu forstöðumanns
Hún lét af störfum 1.október | 100 % staða |
| 2. Guðlaug María Lewis deildarstjóri og fræðslufulltrúi
Tók við sem starfandi forstöðumaður frá 1.október | 100 % staða |
| 3. Gígja Rós Þórarinsdóttir safnfulltrúi til 31.ágúst | 65 % staða |
| 4. Sigrún Elefssen safnfulltrúi | 55 % staða |

Lausráðið starfsfólk:

- Jóna Björk Þórudóttir hlutastarf í safnvörslu
- Bergsveinn Andri Halldórsson, hlutastarf í safnvörslu

Verkefnaráðið fólk:

- Johan D. Jónsson, afleysingar í Duus Safnahúsum
- Halla Karen Guðjónsdóttir, kennari við Listaskólann
- Aðalsteinn Ingólfsson situr í listráði safnsins og tekur að sér sýningarstjórn
- Inga Þórey Jóhannsdóttir sat í listráði safnsins, tók að sér sýningarstjórn o.fl.
- Helgi Hjaltalín Eyjólfsson sat í listráði safnsins hluta árs.
- Valgerður Guðlaugsdóttir sat í listráði safnsins hluta árs.

Að auki hafa Theodór Kjartansson húsumsjónarmaður á umhverfis- og tæknisviði Reykjanesbæjar og Haraldur Haraldsson starfsmaður Byggðasafns Reykjanesbæjar aðstoðað við uppsetningu sýninga.

6.2 GESTAFJÖLDI

Aðgangseyrir var tekinn upp frá og með 1. janúar 2016 og kostaði kr. 1.000 inn í Duus Safnahús og þar með á sýningar listasafnsins árið. Eldri borgarar, öryrkjar og námsfólk fengu afslátt og einnig fékkst afsláttur fyrir hópa. Ókeypis var fyrir börn að 18 ára aldri. Heildargestafjöldi ársins var 25.268 sem er fækkun frá 2018 en þá voru gestir 31.845. Innlendir gestir voru 21.842 en erlendir 3.870. Mestur fjöldi gesta sækir húsin heim á Ljósanótt.

7. REKSTUR

Kostnaður af rekstri Listasafnsins á lyklinum 05-511 2019 var 38.000.000 og þar af var stærsti hlutinn 26.000.000 ætlaður í laun og launatengd gjöld en launakostnaður safnfulltrúa sem standa vaktir í Duus Safnahúsum og fræðslufulltrúa er greiddur af lykli listasafnsins. Annar rekstrarkostnaður af Duus Safnahúsum er svo tekinn af lyklinum 05-312. Menningarfulltrúi Reykjanesbæjar sinnti enn forstöðumannsstöðu safnsins jafnhliða starfi menningarfulltrúa og laun hans voru greidd af lykli menningarfulltrúa 05-020 ásamt verkstjórn í ýmsum sérverkefnum á vegum safnsins s.s. List án landamæra og Listahátíð barna. Kostnaður vegna listaskólans er tekinn af lykli 05-512 (500.000) og listaverk bæjarins 05-521 (2.500.000) og eru því rekstrartölur starfseminnar á nokkrum bókhaldslyklum sem allir féllu þó undir menningarfulltrúa.

Megin kostnaður við safnið er greiddur af Reykjanesbæ en ýmsir styrkir hafa þó fengist í ákveðin verkefni. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja, sem sækir fé sitt til ríkisins og deilir út hér á svæðinu, hefur reynst safninu drjúgur og þaðan fengust kr. 1.500.000 í ljósmyndasýninguna sýninguna Pólsk grafík. Einnig sækir safnið árlega styrk til Safnasjóðs ríkisins sem eitt af viðurkenndum söfnum landsins og þaðan komu kr. 1.500.000 í styrk við pólsku grafíksýninguna og 1.500.000 í sýningu Guðjóns Ketilssonar, Teikn. Þessir styrkir skila því að safnið getur enn verið með öflugra útgáfu og staðið fyrir ýmsum skemmtilegum verkefnum fram yfir það allra nauðsynlegasta.

8. LOKAORÐ

Starfsemi ársins var hefðbundnum hætti og mörg áhugaverð verkefni unnin. Fjöldi fastra starfsmanna hélst sá sami og áður og enn eru flestir annað hvort lausráðnir eða verkefnaráðnir. Fastir starfsmenn voru fjórir í 3,20 stöðugildum til loka september og þar af gegndi forstöðumaður einnig starfi menningarfulltrúa. Safnið var án forstöðumanns til

ársloka en í janúar var auglýst eftir nýjum safnstjóra. Tveir voru lausráðnir í helgarvinnu og afleysingar og sex tóku að sér ýmis tímabundin verkefni s.s. við listaskólann, sýningarstjórn hinna ýmsu sýninga, vinnu við safnkostinn, bæði skráningu og aðra umsýslu og útköll.

Listasafn Reykjanesbæjar er ennþá eina listasafnið á Suðurnesjum og sem slíkt hefur það ýmsum skyldum að gegna og þá ekki síst í sambandi við menningaruppeldi ungu kynslóðarinnar og eru nemendur í bæjarfélaginu duglegir að koma í nemendaheimsóknir. Heildarfjöldi gesta árið 2019 var 25.268 og var það fækkun um 20 % frá fyrra ári. Það skal þó haft í huga að þetta eru ekki allt borgandi gestir því flestir gestir eru að koma þá daga sem ókeypis er í safnahúsin s.s. á Barnahátíð og á Ljósanótt og við sérstaka viðburði eins og opnanir og leiðsagnir. Safnið hefur frá fyrstu tíð stutt við margvísleg verkefni tengd listum og menningu og skipar orðið hlutverk í menningarlífi svæðisins. Starfsmenn safnsins stýra t.d. Listahátíð barna auk þess sem Listaskóli barna er rekinn á sumrin af safninu. Safnið setti upp 20 sýningar á árinu og þá hefur safnið staðið fyrir nokkurri útgáfu í tengslum við þær sýningar safnsins og var blað brotið með útgáfu sýningarskrár með textum á pólsku. Miðlun safnsins fer einnig fram í gegnum vefsíðu, instagram og fb síðu og fjölda fréttatilkynninga sem sendar eru út við öll tilefni.

Unnið var áfram við skráningu safnkostsins á árinu og búið að yfirfæra allar upplýsingar um safnkostinn í Sarp. Haldið var áfram að safna upplýsingum um myndlistarlíf fyrri tíma í bæjarfélaginu og einnig fengust miklar upplýsingar í tengslum við safneignina í vinnunni við gagnagrunninn. Safnið hlaut rekstrarstyrk og verkefnastyrki frá Safnasjóði og einnig styrkti Uppbyggingarsjóður Suðurnesja nokkur verkefni. Þessar styrkveitingar gerðu það að verkum að ýmis verkefni voru viðameiri en annars hefði verið en stærsti hluti rekstrarfjárins kemur þó frá Reykjanesbæ eins og verið hefur.

Í lokin má segja að safnið hafi náð að ljúka metnaðarfullri starfsáætlun með sóma á árinu 2019 og þá sérstaklega með tilliti til þess að fjárhagur bæjarins hefur verið erfiður og fyrirséð að ólögbundinn rekstur eins og rekstur listasafns, yrði þungur. Enn er miðlunarhluti safnastarfseminnar fyrirferðarmestur en forvarslan er einnig komin í gott lag. Önnur verkefni s.s. rannsóknarhlutinn og söfnunin fara þó vaxandi með hverju árinu og bíða þess að starfsmönnum fjölgi. Eins og fyrr segir var staða safnstjóra auglýst í janúar og tók Helga Þórsdóttir við starfinu 1.febrúar. Það eru því afar spennandi tímar framundan hjá safninu og í fyrsta sinn hefur safnið nú á að skipa forstöðumanni sem sinnir ekki öðrum störfum samhliða og getur sett allan sinn fókus á að þróa starfsemi safnsins bæjarbúum, landsmönnum og listheiminum öllum til heilla.

Reykjaneshæ, 27.maí 2020

Guðlaug María Lewis

Verkefnastjóri menningarmála